

IV. OPNUNARGJALD

34

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 10 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt 10 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

28. febr.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Miðneshrepps, nr. 93 7. maí 1947.

Atvinnumálaráðuneytið, 28. febrúar 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Forv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

35

um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað.

1. marz

1. gr.

Sölubúðum á Akureyri skal lokað, eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 18. Þó skulu vera frá þessu þær undantekningar, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal eigi lokað síðar en kl. 13, nema þessa daga beri upp á mánudag, þá er heimilt að hafa búðir opnar til kl. 16. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 24. Síðasta laugardag fyrir jól (annan en Þorláksmessu, ef hana ber upp á laugardag), eða annan virkan dag skömmu fyrir jól, er heimilt að halda búðum opnum til kl. 22. Á tímabilinu frá og með 1. október til 30. apríl, skal lokað eigi síðar en kl. 16 á laugardögum (vetrartími). Á tímabilinu frá og með 1. maí til 30. september skal loka eigi síðar en kl. 12 á laugardögum, en á föstudögum er heimilt að halda búðum opnum til kl. 19 (sumartími). Þá er heimilt að halda búðum opnum til kl. 16 laugardaginn næstan fyrir Hvítasunnu.

3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst mega engar sölubúðir vera opnar. 1. maí og 1. desember skal lokað kl. 12 á hádegi.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skulu enn fremur þessar undantekningar:

Brauð- og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sum-

35 ardaginn fyrsta og 17. júní frá kl. 10 f. h. til kl. 2 e. h., eingöngu til sölu á brauð-
1. marz vörum, mjólk og mjólkurvörum. Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum, eða annars staðar utan sölubúða kaupmanna, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja einnig á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og vistaforða handa skipum, og sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti innlendum vörum aðkomumanna í geymsluhús verzlana.

6. gr.

Þá, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lög-
reglumál.

9. gr.

Með samþykkt þessari fellur úr gildi samþykkt um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað frá 15. júlí 1937.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. marz 1949.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hafnarkauptún í Hornafirði.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru að vestan Suðurfjörður frá Hornafjarðarós inn að Melatanga. Þaðan hugsuð lína beint í Leiðarhöfða. Þaðan takmarkast höfnin af strandlengjunni sunnan Hafnarkauptúns austur á Heppu, þaðan beina línu í syðsta tanga Ægissíðu og þaðan á austasta tanga á henni. Þaðan eru takmörkin beina línu austast í Mikley út í Austurfjörur, þaðan eftir Austurfjörinni vestur að Hornafjarðarós.